

**Ed.**

**215. Nefndarálit**

**[4. mál]**

um frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi og ráðstöfun gengishagnaðar.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp þetta er með þeim hættum að til einsdæma hlýtur að teljast í þing-sögunni. Það hefur ekki skeð fyrr að einstökum ráðherra væru fengin hundruð milljóna til úthlutunar án þess að kveðið væri á um það, svo óyggjandi væri, á hvern hátt fénu væri ráðstafað að lögum. Þrátt fyrir óskýr fyrirheit af hálfu starfs-manna sjávarútvegsráðuneytisins, sem hníga þó í þá átt að leitað verði áhlits ýmissa stofnana, sem fyrir eru, um ráðstöfun þessa fjár, og enda þótt kveðið sé á um það að sumu leyti hvernig fénu skuli ráðstafað, þá liggur við að lesa megi milli línanna í lagafrumvarpi þessu að geðþótti ráðherra skuli ráða. Tekur minni hluti sjávar-útvegsnefndar ekki gildar afsakanir um tímaskort við undirbúning frumvarpsins.

Frumvarp það, sem hér um ræðir, er tvíþætt og fjallar annars vegar um ráð-stafanir í sjávarútvegi vegna afkomuerfiðleika sem meðal annars stafa af gengis-fellingu hægri stjórnarinnar, en á hinn bóginn fjallar það um ráðstöfun gengishagn-aðar af völdum gengisfellingarinnar.

Ráðstafanir, sem gerðar eru vegna afkomuörðugleikanna, miðast einvörðungu við tilfærslur fjármagns innan sjálfrar atvinnugreinarinnar og þá fyrst og fremst írá launþegunum til atvinnurekendanna. Samkvæmt 2. og 3. gr. frumvarpsins skal þannig stækka þann hlut, sem tekinn er af óskiptum aflahlut, mjög svo verulega og ráðstafa honum til Stofnfjárshjóðs fiskiskipa, þ. e. a. s. einvörðungu í þágu at-vinnurekenda. Með þessu verða kjör sjómannastéttarinnar skert verulega og þar með vegið að sjálfum grundvellingum að frjálsum kjarasamningum þeirra. Sjó-mannasamtökin hafa mótmælt þessu gerræði ríkisstjórnarinnar harðlega og lýst yfir því að það eitt sé fullnægjandi ástæða til að segja upp gildandi kjarasam-ningum.

Minni hl. sjávarútvegsnefndar Ed. lýsir yfir samþykki við þessa afstöðu sjó-manna og vekur jafnframt athygli á því, að þegar svo er að unnið í kjaramálum má teljast sennilegt, að ráðstafanir þessar, sem ætlaðar eru til þess að bæta úr af-komuerfiðleikum, verði raunar til þess að auka erfiðleikana að mun og stefna jafnvel til algjörtrar stöðvunar fiskiskipaflotans, ef sjómenn verða neyddir til að leggja út í verkfallsbaráttu til að rétta hlut sinn.

Minni hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpsgreinarnar verði felldar niður.

Í 1. gr. frv. gerist það í fyrsta skipti, að ráðin eru tekin af Verðlagsráði sjávar-útvegsins með því að heimila ekki nema óverulega fiskverðshækkun á sama tíma og reynt var að ná samkomulagi um fiskverðið í Verðlagsráðinu og áður en séð yrði hvort það myndi geta tekist. Þegar þetta gerðist hafði engin hækkun fengist fram á fiskverðinu frá áramótum 1973—74 og sjómenn því ekki fengið launa-hækkanir á tímabilinu til samræmis við aðra launþega. Þeim mun tilfinnanlegri hafði þessi seinkun á launabótum til sjómannastéttarinnar orðið þar sem afli hafði farið rýrnandi. Auk þess sem hér var um að ræða ráðstöfun, sem kom í veg fyrir það, að sjómenn gætu fengið launahækkanir til jafns við aðrar stéttir, er hér um hættulegt fordæmi að ræða, þ. e. a. s. það fordæmi að ríkisstjórn grípur með bráða-

birgðalögum inn í atriði frjálsrar samningagerðar launastéttar á meðan sú samningagerð stendur yfir og ekkert bendir til annars en að hún hefði getað tekist án afskipta ríkisvaldsins.

Með 4. gr. frv. er kostnaði vegna verðhækkunar á olíu velt yfir á sjómenn að miklu leyti, vegna þess að þessar tilfærslur fjármuna innan atvinnugreinarinnar koma í veg fyrir hækkun fiskverðs, sem ella hefði getað orðið. Með þessari grein er sjávarútveginum í raun sjálfum gert að standa undir olíuverðhækkuninni og stór hluti þeirra byrða lagður á launþegana í atvinnugreininni — sjómennina.

Um 5., 6., 7. og 8. gr. frv. er ekki ágreiningur í sjútvn. Þó vill minni hl. nefndarinnar benda á nauðsyn þess, að váttryggingamál fiskiskipa verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar.

Svo sem fyrr segir telur minni hl. nefndarinnar óeðlilegt að ráðherra verði falið að ráðstafa hundruðum milljóna króna í lán og styrki eftir svo óljósum reglum. Því leggjum við til á sérstöku þingskali, að ákveðnar reglur verði markaðar í lögum um þessi efni og framkvæmdin falin þeim aðilum, sem eðlilegt er að um hana fjalli.

Við teljum eðlilegt að úthlutun gengishagnaðar sé miðuð jafnt við sumar- sem vetrarúthald og fellum okkur ekki við að neins konar takmarkanir séu settar varðandi stærð þeirra báta, sem rétt hafi til síns hluta af gengishagnaðinum. Teljum við að hlutur smábátaútteigsins í verðmætasköpuninni sé miklu stærri en svo, að sjómenn þeir og útvegsmenn, sem við hann vinna, verði algjörlega sniðgengnir með nokkrum rétti. Teljum við fráleitt að vitna í rekstur smárra þilfarsbáta í þeim landshlutum þar sem hann er verstur, því til sönnunar, að ekki beri að úthluta einhverju af gengishagnaði til báta undir 20 lestum í þeim landshlutum og verstöðvum þar sem rekstur litlu bátanna og þjóðhagsleg þýðing þeirra skarar jafnvel fram úr því sem best gerist um stærstu fiskiskipin.

Alþingi, 19. des. 1974.

Stefán Jónsson, Jón Árm. Héðinsson.  
frsm.